

Fundargerð háskólaráðs 31. maí 2017

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna (vm), Einar Svansson fulltrúi kennara (Skype), Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara (Skype), Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype) og Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema .

Fjarverandi: Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnema, Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema og Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar.

Áheyrnarfulltrúar: Ingólfur Arnarson áheyrnarfulltrúi íbúaráðs (vm) og Ólafur Ísleifsson gæðastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Staða umsókna á haustönn 2017

Rektor fer yfir fjölda umsókna á haustönn 2017. Mjög góð staða hvað varðar meistaranámið, nokkuð færri umsóknir í grunnám og háskólagátt en á sama tíma í fyrra. Umsóknarfrestur rennur út 15. júní nk.

3. Fjármál og eignasala

Rektor fer yfir 4 mánaða uppgjör, tekjur eru nokkru hærri en áætlunin gerði ráð fyrir en hins vegar eru gjöldin nokkuð lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Útkoman er heldur betri en áætlunin gerði ráð fyrir, í fjármagnsgjöldum er hærri upphæð en ráð var fyrir gert. Betri afkoma er nú en á sama tíma í fyrra.

Rektor kynnir stöðu mála vegna eignasölu, búið er að auglýsa eignir á staðnum til sölu. Tilboðsfrestur er til og með 8. júní nk.

4. Gæðamál – heimsókn gæðaráðs íslenskra háskóla

Gæðastjóri gerir grein fyrir fundi sem var haldinn í gær með tveimur fulltrúum gæðaráðs, sem er hluti af ferli vegna gæðaúttektar á skólanum sem lauk með niðurstöðu 1. febrúar 2016. Nú gafst tækifæri til að gera grein fyrir hvað skólinn hafði gert frá því í febrúar 2016 í gæðamálum sínum. Skólinn lagði fram skýrslu í lok apríl sem farið var yfir á fundinum og gæðastjóri mun senda fulltrúum í ráðinu skýrsluna. Í skýrslunni er m.a. fjallað um stefnumótun innan skólans, fjármál, reglugerðarbreytingar og tölfræðilega gagnaöflun. Fundinn sátu fyrir hönd skólans rektor, fjármálastjóri, kennslustjóri og gæðastjóri. Fulltrúar í gæðaráðinu töldu að skólinn hefði komið mörgu í framkvæmd á undanfögnu ári.

Næsta úttekt á skólanum fer fram haustið 2020.

Rektor fer yfir helstu verkefni framundan í gæðamálum, svo sem yfirferð á fyrirlestrum í félagsvísindadeild og lagadeild á næsta ári, eins og gert hefur verið í viðskiptadeild í vetur.

5. Sameining félagsvísindadeildar og lagadeildar

Rektor kynnir að innan skólans ríki almenn eining um að sameina félagsvísinda- og lagadeild. Markmiðið er að styrkja deildirnar sem slíkar. Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir verði deildarforseti sameinaðrar deildar og Helga Kristín Auðunsdóttir verði staðgengill hennar. Um verði að ræða eina deild frá og með næsta skólaári og tekur sameiningin gildi frá 1. ágúst nk. Tilkynnt verður um sameininguna í framhaldi af þessum fundi.

6. Kennsluhættir og kvartanir frá nemendum og yfirferð yfir verklag vegna BS ritgerða og misserisverkefna

Rektor fer yfir samantekt sem barst frá fulltrúa nemenda Berglindi Sunnu Bragadóttur varðandi kennsluhætti, endurgjöf og kvartanir frá nemendum. Rætt um inntak kvartananna. Rektor kynnir að hann muni setja á fót tvo vinnuhópa sem skili af sér í október;

- sem yfirfari handbók um misserisverkefni þar verði verkefnastjóri nemendaskrár, prófstjóri, 3 nemendur og fulltrúar frá deildum,
- sem yfirfari verklag vegna BS ritgerða og athugasemdir sem koma fram í bréfi um kennsluhætti. Þar verði fulltrúi frá kennslusviði, 3 fulltrúar nemenda og fulltrúar frá deildum.

7. Stefnumótunarfundir 22. september og 21. október nk.

Rektor kynnir að árlegur stefnufundur skólans verði 22. september nk. Þangað er háskólaráði og starfsfólki skólans boðið.

Stefnumótunarfundur 21. október nk. er á vegum stjórnar sem er opinn fundur fyrir velunnara skólans. Horft verður til lengri tíma og ýmissa þátta sem snúa að framtíð skólans s.s. staðsetningu, fjarnám vs. staðnám, alþjóðvæðingu o.fl. hvert stefnt skuli á breiðum grundvelli. Nánari kynning verður send í upphafi næsta skólaárs.

8. Önnur mál

- Kennslustjóri kynnir að fram eru komnar tillögur um breytingar á regluverki skólans sem lúta að meðferð kennsluáætlna, lokaverkefnum, meistararitgerðum og heimaprófum. Þær eru til meðferðar innan skólans.
- Rektor þakkar fulltrúum góð störf í ráðinu í vetur.

Fundi slitið kl. 16.30.

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu